



105. aðalfundur
Ljósmeðrafélags Íslands
14. mars 2024

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Dagskrá	2
Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2023-2024.....	3
Stjórnarfundir	3
Kjaramál	3
Fjárhagur félagsins	4
Fagmál	4
Ljósmeðrablaðið	4
Heimasíður og samfélagsmiðlar félagsins	5
Samfélagsleg verkefni	5
NJF	5
EMA	5
ICM	5
BHM	5
Þakkir	6
Ársreikningur og áætlun fyrir 2024.....	7
Ársreikningur félagsins 2023.....	7
Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2024.....	7
Lagabreytingar	8
Skýrslur nefnda	9
Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ – minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð	9
Skýrsla kjörnefndar	10
Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ	11
Ljósurnar skýrsla stjórnar	11
Ljósunar óvissuferð	12

Dagskrá

- 1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Reikningar félagsins lagðir fram
- 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- 5) Lagabreytinga
- 6) Skýrslur nefnda/deilda
- 7) Kosningar stjórnar
- 8) Kosning skoðunarmanna reikninga
- 9) Kosning í nefndir og til trúnaðarstarfa
- 10) Önnur mál

Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands fyrir starfsárið 2023-2024

Stjórnarfundir

Haldnir hafa verið 11 stjórnarfundir á starfsárinu og höfum við þess á milli verið í góðum samskiptum með tölvupóstum og á „messenger“ með allt það sem hefur komið upp á milli funda. Haldinn var auka aðalfundur 30. maí 2023, eingöngu til þess að gera þær lagabreytingar sem til þurfti til þess að ljósmeðranemar í launuðu verknámi gætu orðið kjarafélagar í Ljósmeðrafélagi Íslands.

Kjaramál

Það var skrifað undir árssamning við ríkið í apríl 2023. Samningurinn var aðeins framlenging á fyrri kjarasamningi með hækkun á launalið ásamt verkáætlun um það sem samningsaðilar ætluðu að vinna að á samningsárinu. Í okkar verkáætlun átti að skoða raunvinnutíma ljósmeðra sem og að vinna að stofnanasamningum og innleiðingu starfsþróunarkerfis sbr. gerðardóm frá 2018. Þrátt fyrir að ég hafi verið full bjartsýni hér fyrir ári um að stofnanasamningar væru alveg að nást þá hefur ekkert gerst í þeim málum. Það sem hefur strandað á er að stofnanirnar hafa viljað lækka þá grunnröðun sem ljósmeðrum er raðað eftir. Það höfum við skiljanlega ekki tekið í mál. Þrátt fyrir að enginn lækki í launum við það þá lækkar það launaröðun ljósmeðra í kerfinu til framtíðar og þann möguleika sem ljósmeður hafa til hækkunar. Tilgangur með því að innleiða starfsþróunarkerfi var að breikka launaspönn ljósmeðra og virðist það eitthvað standa í stofnunum.

Við höfum þó uppfært stofnanasamning okkar við LSH frá 1. febrúar 2024, sem var ágæt skref. Það voru margar ljósmeður sem fengu sjálfkrafa hækkun, en einhverjar sem þurfa að skila inn gögnum og geta þá átt von á hækkun. Við höfum líka vonandi loksins komið því á að reyndir hjúkrunarfræðingar sem bæta við sig M.s. í ljósmóðurfræði lækki ekki í launum við að útskrifast sem ljósmeður eins og verið hefur. Launabakið var einnig hækkað frá því sem var.

Ljósmeðrafélag Íslands hefur ekki verið í neinu formlegu samstarfi hér innan BHM núna í aðdraganda kjarasamninga. Við höfum sótt alla kjara- og upplýsingafundi en að öðru leiti verið fyrir utan samstarf. Það byggist á því að við höfum tilkynnt ríkinu að við munum ekki skrifa undir miðlægan kjarasamning fyrr en að við höfum náð að gera nýja stofnanasamninga og innleitt starfsþróunarkerfi þar sem við á sbr. einnig þá verkáætlun sem við gerðum við ríkið á síðasta ári. Staðan er á margan hátt óvenjuleg þar sem að stofnanasamningar eru yfirleitt beint við stofnanir án aðkomu ríkisins. Hér hefur þó ríkið verið að blanda sér inn í verkefnið frá upphafi og að okkar mati skemmt fyrir því að samningar náist. Því teljum við ríkið hafa aðkomu og ábyrgð og verði áfram að vera þátttakendur í ferlinu. Því biðjum við ykkur um að vera þolinmóðar á næstu vikum. Okkar félag verður ekki fyrst til að skrifa undir miðlægan kjarasamning. Eins og staðan er núna þegar þetta er skrifað stefnir í að miðlægur kjarasamningur verði til fjögurra ára með árlegum hækkunum um 3.25-3.5%.

Félagið hefur verið í samtali við formenn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélags Íslands og Sjúkraliðafélags Íslands, sem hefur verið okkur mjög gagnlegt. Höfum við ákveðið að vera áfram í samstarfi um sameiginleg hagsmunamál stéttanna.

Formaður Ljósmeðrafélags Íslands var síðasta vor tilnefnd sem fulltrúi BHM í stýrihóp um Betri vinnutíma. Stýrihópurinn hefur fundað nokkuð stíft frá lok janúar með það að markmiði að sníða agnúa af verkefninu, en ennþá eru ekki komnar neinar niðurstöður.

Í janúar 2024 stóð félagið að kjarakönnun meðal starfandi ljósmeðra um land allt. Niðurstöður könnunarinnar voru sláandi og greinilegt að of mikið álag er á ljósmeðrum, þannig að þær eru að upplifa öryggi skjólstæðinga sinna ógnað. Það er þörf á tafarlausum úrbótum og hefur félagið óskað eftir fundum við hina ýmsu aðila, m.a. heilbrigðisráðherra, landlæknisembættið og yfirmenn stofnanna til að ræða niðurstöðurnar með það í huga að leita úrbóta.

Fjárhagur félagsins

Fjárhagur félagsins er góður en Bryndís Ásta gjaldkeri félagsins mun fara vel yfir það á eftir. Við höfum verið að safna fjármunum sem er ekki gott, en þar sem að mikil óvissa ríkir í húsnæðismálum félagsins leggjum við ekki út í það að lækka félagsgjöldin enn sem komið er. Það er þó alltaf markmið okkar.

Fagmál

Ljósmeðrafélag Íslands stóð fyrir því að fá kennara frá GynZone hingað til lands og vera með námskeið í Reykjavík og á Akureyri. Því miður komust aftur færri að en vildu og vinnum við að því að fá námskeið aftur til landsins.

Félagið var í samstarfi við Kamillu Gerhard Nielsen fæðingarlækni sem hélt tvö staðnámskeið fyrir ljósmeður. Hið fyrra var um hræðslu kvenna við fæðingar og síðara um Rebozo í fæðingu. Eins var haldið hér Solihull námskeið sérsniðið fyrir ljósmeður í samvinnu við Geðvernd sem hefur látið þýða allt efnið yfir á íslensku. Næstu námskeið verða nú apríl. Ljósmeðrafélag Íslands hélt tvo zoom fundi á síðasta starfsári, Björn Berg ráðgjafi var með fyrirlestur um lífeyrismál og Kristín Rut Haraldsdóttir, ljósmóðir hélt fyrirlestur um nýjungar í fósturgreiningum.

Nú í febrúar tókum við þátt í vinnusmiðju í samvinnu við Framtíðarsetrið á Íslandi um „Kynlíf og nánd árið 2052“ sem var virkilega áhugaverð vinnustofa.

Ekkert varð úr Ljósmeðradeginum á síðasta ári sem félagið hefur staðið að í samvinnu við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, Námsbraut í ljósmóðurfræði og Landspítala. Við stefnum hins vegar á virkilega góðan dag 3. maí næstkomandi á Akureyri þar sem Norðurlandadeild LMFÍ og Háskólinn á Akureyri verða með í samstarfinu.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim ljósmeðrum sem hafa komið að öllum þessum verkefnum fyrir hönd félagsins kærlega fyrir sín störf.

Ljósmeðrablaðið

Ljósmeðrablaðið kom að vanda út tvisvar á síðasta ári og það er alltaf jafn gaman að fá það í hendurnar. Fljótlega munum við hins vegar senda póst á ljósmeður og kanna áhuga þeirra á að lesa það eingöngu rafrænt. Blaðið verður áfram prentað en þá minna magni og sent til þeirra sem ekki hafa afþakkað prentað blað. Við erum að vinna í nýrri heimasíðu félagsins og þar verður blaðið einnig á aðgengilegra formi en nú er.

Vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim ljósmeðrum sem koma að útgáfu blaðsins.

Heimasíður og samfélagsmiðlar félagsins

Félagið rekur tvær heimasíður, annars vegar ljósmodir.is og hins vegar ljósmaedrafelag.is. Hönnun er svo til lokið á báðum þessum síðum en nú er vinna fólgin í því að flytja efni yfir á nýju síðurnar og vonandi fara þær í loftið á næstu vikum eða mánuðum. Fylgjuappið okkar hefur einnig verið bætt og uppfært og kemur til með að tengjast nýju heimasíðunni okkar. Félagið er einnig áfram á Instagram og Facebook, en höfum ekki enn komið okkur á TikTok en það er ef til vill framtíðin. Aftur vil ég þakka þeim ljósmæðrum og ljósmæðrabörnum sem hafa unnið þessi verkefni með okkur og fyrir okkur.

Samfélagsleg verkefni

Við höfum ekki verið öflugar á þessu starfsári í samfélagslegum verkefnum því miður. Því er líklega helst um að kenna þær annir sem hafa verið í tengslum við kjara- og stofnanasamninga á árinu.

Á síðasta ári hafði Margrét Frímannsdóttir samband við félagið en hún er nú formaður styrktarsjóðs Sigfúsar Sigurhjartarsonar. Styrktarsjóðurinn veitti okkur styrk, þrjár milljónir, til að styrkja konur sem búa við fáttækt á Íslandi. Við höfum þegar úthlutað hálfri milljón úr sjóðnum þannig að enn er svigrúm til að sækja um styrki. Við hvetjum ykkur til að hafa samband við félagið ef þið vitið af mikilli neyð, við getum hugsanlega eitthvað létt undir. Okkur eru einnig enn að berast góðar gjafir, helst heimaprjónuð föt, húfur, sem við höfum verið að deila út á fæðingardeildar.

NJF

Það hafa verið tveir fundir hjá NJF á þessu ári. Fyrri fundurinn var staðfundur í Stokkhólm í lok mars á síðasta ári og síðari fundurinn var á TEAMS í apríl, þar sem eingöngu menntamál ljósmæðra á norðurlöndum var til umræðu. Eins skipulagði NJF hitting fyrir þær ljósmæður sem komu frá norðurlöndunum á ICM ráðstefnuna á Bali í vor. Næsti NJF fundur verður í Osló í maí og árið 2025 í Kaupmannahöfn í tengslum við næstu norðurlandaráðstefnu NJF.

EMA

Aðalfundur EMA, European Midwives Associations, að þessu sinni var haldinn í Istanbul, Tyrklandi. Þar er menningin allt önnur en hér á landi og staða ljósmæðra og kvenna ekki góð. Næsti aðalfundur EMA verður hér á landi síðustu helgina í september og hlökkum við í stjórn LMFÍ mikið til að taka má móti kollegum okkar frá Evrópu. Vonandi getum við gefið evrópskum ljósmæðrum innblástur með kynningum á okkar störfum og starfsumhverfi.

ICM

Aðalfundur ICM, International confederation of Midwives var haldin í júní á Balí samhliða ICM ráðstefnunni. Þar var kosinn nýr formaður og stjórn. Skipulaginu hefur nú verið breytt þannig að Evrópa er orðið eitt svæði innan ICM í stað tveggja áður og eigum við aðeins einn fulltrúa þar (var áður skipt í norður og suður Evrópu). Það verður fróðlegt að fylgjast með og sjá hverju þessar breytingar koma til með að skila.

BHM

BHM samstarf hefur verið skv. venju. Við höfum tekið þátt í öllu því starfi þar sem okkur hefur varðað. Formaður félagsins var sem fyrr segir tilnefndur sem fulltrúi BHM í stýrihóp um

endurskoðun á Betri vinnutíma. Þar var skipt niður í undirhópa og tek ég þátt í starfi um vaktahvata og bakvaktir, ásamt fundum stýrihópsins.

BHM hefur flutt sínar skrifstofur yfir á fyrstu hæð í Borgartún 27, sem er leiguhúsnæði. Tíu aðildarfélög hafa tekið aðra hæðina þar á leigu tímabundið og Viska stærsta aðildarfélag BHM hefur tekið hluta af þriðju hæð þess húsnæðis á leigu og stefnir á flutning þangað á vormánuðum. Við erum enn í Borgartúni 6 ásamt Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélagi lögfræðinga og Félagi háskólamenntaðra í stjórnarráðinu. Félagið hefur verið að skoða það að kaupa húsnæði með þessum félögum og jafnvel öðrum félögum sem eru nú á annarri hæð Borgartúns 27. Það er óvissa hvað verður, en við stefnum á sem hagkvæmastan kost fyrir félagið til framtíðar. Það kemur líklega einnig til með að hafa áhrif á starfsemi félagsins að missa aðgengi að þessum fínu sölum sem hér eru.

Þakkir

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim ljósmæðrum og öðrum sem hafa starfað með félaginu og fyrir félagið á síðasta ári. Við þökkum öllum þeim sem hafa látið sig málefni félagsins varða, haft samband og komið með ábendingar.

Stjórn félagsins vill einnig sérstaklega þakka Grétu Maríu Birgisdóttur fyrir sitt starf í stjórn og um leið óska fjölskyldunni til hamingju með litla prinsinn Atla Fannar. Gréta María gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Við stefnum á öflugt starf á næsta ári starfsári og hlökkum til samstarfs við ykkur allar. Sameinaðar hefst þetta allt hjá okkur!

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ

Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður.

Ársreikningur og áætlun fyrir 2024

Ársreikningur félagsins 2023

Fjárhagur LMFÍ er áfram góður og er félagið skuldlaust.

Hagnaður af rekstri félagsins á síðast liðnu ári var 4,7 m.kr. Eigið fé var 74,6 m.kr. Sjá nánar ársreikning félagsins sem fylgir fundargögnum.

Farið var í umfangsmiklar uppfærslur á heimasíðum félagsins ljósmaedrafelag.is og ljósmodir.is enda löngu tímabært að uppfæra þær.

Fjárhagsáætlun félagsins fyrir 2024

Fjárhagsáætlun fyrir 2024 byggir á ársreikningi frá 2023, föstum liðum verður ekki breytt nema enn er óljóst varðandi húsnæðismál félagsins, hvort og þá hvert við munum flytja. Kostnaður við tengt húsnæðismálum liggur ekki fyrir.

Áfram verða settar inn fastar prósentur af félagsgjöldum inn á Þórdísarsjóð (4,5%) og Brekkusjóð (6%). Umfram fé verður lagt inn á Brekkusjóð.

Áhersla er á sparnað hjá félaginu til að það muni standa á traustum fjárhagslegum fótum til framtíðar.

Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu.

5. mars 2024
Bryndís Ásta Bragadóttir
Gjaldkeri Ljósmaedrafélags Íslands

Lagabreytingar

Engar tillögur hafa borist.

Skýrslur nefnda

Skýrslur hafa ekki borist frá öllum nefndum- og deildum.

Skýrsla sjóðanefndar LMFÍ – minningarsjóður Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Sjóðanefnd fundaði 9. nóvember 2023.

Í sjóðanefnd 2022 eru: Unnur Berglind Friðriksdóttir formaður LMFÍ, Bryndís Ásta Bragadóttir gjaldkeri LMFÍ, Gréta Rún Árnadóttir, Ástþóra Kristinsdóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir.

Í sjóðanefnd 2023 eru: Unnur Berglind Friðriksdóttir formaður LMFÍ, Bryndís Ásta Bragadóttir gjaldkeri LMFÍ, Gréta Rún Árnadóttir, Ástþóra Kristinsdóttir og Kristbjörg Magnúsdóttir.

Kristbjörg Magnúsdóttir komst ekki á fundinn.

Úthlutun 2023:

Þrjár umsóknir bárust. Ein umsókn féll ekki undir úthlutunarreglur sjóðsins.

Tvær umsóknir voru metnar styrkhæfar.

Samanlögð upphæð þeirra styrkja sem sótt var um var hærri en upphæð sú sem var til úthlutunar. Ákveðið var að styrkhæfar umsóknir fengju því hluta af þeirri upphæð sem sótt var um. Alls var úthlutað/loforð um úthlutun 580.000 kr. árið 2023.

f.h. sjóðanefndar,
Bryndís Ásta Bragadóttir, gjaldkeri LMFÍ
Formaður sjóðanefndar

Skýrsla kjörnefndar

Stjórn og nefndir Ljósmeðrafélags Íslands 2023-2024

Rautt = Fráfarandi

Blátt = Framboð

Stjórn

Formaður	Unnur Berglind Friðriksdóttir
Varaformaður	Guðlaug María Sigurðardóttir
Ritari	Kristbjörg Magnúsdóttir
Gjaldkeri	Bryndís Ásta Bragadóttir
Varagjaldkeri	Gréta María Birgisdóttir
Vararitari	Inga M. H. Thorsteinson Jóhanna Ólafsdóttir Kristín Hálfánardóttir
Aðaltrúnaðarmaður	Oddný Gísladóttir

Ritnefnd

Ritstjóri fræðilegs efnis	Berglind Hálfðánsdóttir
Ritstjórar	Steinunn Rut Guðmundsdóttir Steinunn Blöndal

Ritnefnd

Emma Marie Swift
Anna G Hallgrímsdóttir
Edythe Mangindin
Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir
Elín Inga Lárusdóttir

Kjararáð

Unnur Berglind Friðriksdóttir
Guðlaug María Sigurðardóttir
Jóhanna Ólafsdóttir

Sjóðanefnd

Bryndís Ásta Bragadóttir
Unnur Berglind Friðriksdóttir
Gréta Rún Árnadóttir
Kristbjörg Magnúsdóttir
Ástþóra Kristinsdóttir

Kjörnefnd

Guðrún Gunnlaugsdóttir
Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir

Alþjóðlegur fulltrúi

Hildur Kristjánsdóttir

Skoðunarmenn

Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Elín Arna Gunnarsdóttir

7. mars 2024
f.h. kjörnefndar
Guðrún I. Gunnlaugsdóttir
Hrafnhildur Lóa Guðmundsdóttir
Bryndís Ásta Bragadóttir

Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ

Aðalfundur Norðurlandsdeildarinnar hefur verið færður til haustsins vegna Ljósmeðradagsins á Akureyri 3. maí 2023.

Ljósurnar skýrsla stjórnar

Aðalfundur haldinn 14. febrúar 2024 að Borgartúni 6, kl. 15.00

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárin 2022 og 2023

Í dag erum við að reyna við þennan aðalfund í þriðja sinn og vá það tókst.

Ný stjórn sem tók til starfa eftir síðasta aðalfund 2022, hefur haldið fjóra stjórnarfundir og verið í tölvuskeyta sambandi. Meðlimir eru nú 280 og síðan 2021 hafa 19 bæst í hópinn. Mér segir svo hugur að við séum fjölmennari en starfandi ljósmeður! Unnur veit það betur.

Álfheiður Árnadóttir og Rósa Bragadóttir komu nýjar í stjórn eftir síðasta aðalfund sem haldinn var 26. október 2022. Halda átti aðalfund í október 2023 en vegna viðhalds á húsnæði BHM var honum frestað þar til nú.

Steinunn Zophoníasdóttir ljósmóðir var með kynningu um breytingaskeið og heilsu kvenna á aðalfundinum sem var afar fróðleg og skemmtileg.

Nokkuð ber á því að ljósmeður hafa haft samband til að breyta sínu netfangi og hvet ég þær sem ennþá eru með pósthaf hjá vinnuveitanda að muna eftir að breyta því þegar þær hætta að vinna. Félagsmenn hafa verið hvattir að hafa samband ef þeir eru ekki að fá tölvupóst. Hægt er að láta vita um það á facebook síðu hópsins eða á tölvupósthaf hildurkr@simnet.is . Enn fremur óskum við eftir því að láta okkur vita ef ljósmóðir fellur frá, betur sjá augu en auga. Mér telst til að 17 ljósmeður sem voru meðlimir eftir 2020 séu látnar og minnumst við þeirra með virðingu.

Við minnum á að þær ljósmeður sem ekki eru kjarafélagar geta gerst fagfélagar með því að greiða ½ félagsgjald og fá þá ljósmeðrablaðið sent heim og ef þær sækja ljósmeðradaga á vegum félagsins greiði þær eingöngu nemagjald. Enn fremur fá þær aðgang að ýmsum upplýsingum frá félaginu eins og hlekkjum á zoom fundir o.fl. Þær sem óska eftir að gerast fagfélagar er bent á að hafa samband við Gjaldkera félagsins Bryndísi Ástu.

Ný ferðanefnd sem í eru Ástþóra Kristinsdóttir, Guðlaug Pálsdóttir og Anna Eðvaldsdóttir, (valin kona í hverju rúmi), tók til starfa eftir síðasta aðalfund og skipulögðu þær afar vel heppnaða ferð í júní

2023 sem farin var á Reykjanes og ekki seinna vænna, þegar tekið er tillit til þess sem hefur gengið á þar síðan. (þarf kannski að velja næsta áfangastað utan gos- og jarðskjálftasvæða ef þau finnast 😊).

Þær eru búnar að auglýsa nýja ferð 5 júní n.k. og endilega takið daginn frá.

Ljósmaðrafélag Íslands hefur styrkt starfsemi Ljósanna og þá sérstaklega ferðanefndina af mikilli rausn og erum við afar þakklátar fyrir það.

Ljósmaður hafa farið á veitingastað/i til að fá sér af jólahlaðborði og hittast til þess í byrjun aðventu. Almennt hefur verið ánægja með þetta og skipulagning öll til fyrirmyndar og þökkum við Guðrúnu Sveinu sérstaklega fyrir hennar óeigingjarna starf við skipulagningu, samningum um verð og almennt utanumhald vegna þessa sem er ærinn starfi.

Stjórnin ræddi á fundum sínum hvort vert væri að prófa nýtt fyrirkomulag og nota salinn hér í Borgartúni sem býður uppá lítil borð, stórt anddyri með sófum og var ákveðið að prófa þetta. Dagurinn var ákveðinn 18 nóvember sl. og samið var við Brasserie Kársnes í Kópavogi. Miðaverð var kr. 7.000 fyrir mat og gosdrykk. Rósa Þorsteinsdóttir flutti jólahugveku og haldið var happdrætti. Samverunni lauk um kl. 15 og var almenn ánægja með matinn og þetta fyrirkomulag sem veitti i frelsi til að færa sig milli borða og spjalla og setjast fram stund og stund. 52 ljósmaður mættu.

Stjórnarkjör

Núna gengur úr stjórn Rósa Þorsteinsdóttir ritari og tekur Jóhanna Hauksdóttir við hennar starfi og bjóðum við hana velkomna. Enn fremur kemur Helga Einarsdóttir inn í stjórn. Hildur Kristjánsdóttir formaður er búin að vera eitt kjörtímabil og gefur kost á sér aftur.

5 nýjar ljósmaður eru boðnar hjartanlega velkomnar í deildina.

Næsti aðalfundur verður svo í október eins og venja hefur verið.

Hildur Kristjánsdóttir, formaður f.h. stjórnar

Ljósunar óvissuferð

Óvissuferð Ljósanna 7.júní 2023

Lagt var af stað með 65 hressum ljósmaðrum frá Borgarleikhúsinu kl.9.30. Ákveðið var að skoða Reykjanesið. Ljósurnar fengu dásamlegt veður og allar voru kátar. Fyrst var stoppað í Þorlákshöfn, haldið síðan áfram og farið í Selvoga og Strandakirkja skoðuð. Þar voru veittar veitingar og boðið uppá samlokur, heitt kakó og Stroh.

Haldið var áfram í Herdísarvík og Seltún.

Hádegisverður, súpa og brauð í Salthúsinu í Grindavík. Skoðuðum einnig þar verslunina Paloma og versluðu ljósmaður sér margar eitthvað fallett þar. Skoðuðum líkatréskurðarverkstæði – á báðum þessum stöðum var tekið vel á móti ljósmaðrum með drykk og konfektí - mjög gaman og margt fallett þar að skoða.

Áfram var haldið – Reykjanesviti skoðaður, farið á Víkingasafnið – Víkingaheima – veitt meira snarl. Að lokum var ekið um Ásbrú að Garði þar sem ljósmæður fengu sér kvöldmat. Haldið var heim á leið og komið til Reykjavíkur um kl.20.

Allan tímann vorum við með frábæran farastjóra Helgu með okkur sem fræddi okkur um staðhætti á hverjum stað

Frábær samvera með yndislegum ljósmæðrum.

Kveðja Ferðanefnd Ljósanna, Ástþóra, Anna Eðv. og Guðlaug P.